

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
Reykjavík
uua@uua.is

9. júlí 2025

Með bréfi dagsettu 23. október 2024 kærði undirritaður lögmaður af hálfu NASF á Íslandi, Náttúrugriða og Náttúruverndarsamtaka Íslands, þrjár stjórnvaldsákvarðanir er vörðuðu Hvammsvirkjun, sem fyrirhuguð var í Þjórsá.

Um er að ræða eftirfarandi stjórnvaldsákvarðanir:

1. virkjunarleyfi Orkustofnunar 12. september 2024
2. framkvæmdaleyfi Rangárþings ytra 16. október 2024 og
3. framkvæmdaleyfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 24. október 2024

Endanlegur dómur gekk í dag í máli annara aðila um ógildingu stjórnvaldsákvörðunar í fyrsta lið, svo sem greint hefur verið frá á öllum fréttamiðlum. Var leyfið ógilt. Krafan er afturkölluð.

Með sama dómi hæstaréttar í dag var ógilt ákvörðun Umhverfisstofnunar frá 9. apríl 2024 sem í fólst efnislega að undanþága var veitt frá bindandi umhverfismarkmiðum laga um stjórn vatnamála fyrir umræddri virkjun. Dómurinn er endanlegur og bindur íslenska ríkið og Landsvirkjun, sem eru dómþolar.

Í ljósi þess að fyrrgreindar forsendur framkvæmdaleyfanna tveggja í liðum 2 og 3 eru brott fallnar, er þess krafist að þegar í stað gangi úrskurður um ógildingu þeirra.

Í fréttum undanfarna daga hefur komið fram, að vinna sé í gangi í Rangárþingi ytra á grundvelli framkvæmdaleyfisins í lið 2. Í ljósi þess að vænst er að ákvörðun úrskurðarnefndarinnar geti legið fyrir innan örfárra daga, er að svo stöddu ekki krafist stöðvunar framkvæmda. Óvíst er á þessu stigi hvort framkvæmdaraðili muni stöðva vinnu verktaka síns á svæðinu, í ljósi hins endanlega dóms, en kæruréttur væri lítils virði ef framkvæmdir gætu haldið áfram þrátt fyrir hann við þessar aðsæður.

Vinsamlega upplýsið hvenær úrskurðar má vænta í máli umbj. minna.

Virðingarfyllst,

Sif Konráðsdóttir, lögmaður